

**Ed.**

**156. Breytingartillaga**

[76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 2. gr.):
  26. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 32/1977) orðist svo:
    1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:  
Af fyrstu 8 000 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 12 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.8%.
    2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0.8% af skattgjaldseign.
    3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.
  2. Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 2. gr.):  
Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. og orðist svo:  
Skattyfirvöldum er þrátt fyrir ákvæði 49. gr. laga þessara heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.
  3. 2. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Koma ákvæði 1. gr. til framkvæmda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1976, en ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1977.